



Umgjörð borgarlistamanns

Reykjavík 25. mars 2025

Árlega er veitt úr borgarsjóði viðurkenning til borgarlistamanns Reykjavíkurborgar. Menningar- og íþróttaráð útnefnir borgarlistamann.

Útnefning borgarlistamanns er heiðursviðurkenning handa reykvískum listamanni sem með listsköpun sinni hefur skarað fram úr og markað sérstök spor í íslensku listalífi.

Útnefningin hefur farið fram við hátíðlega athöfn í Höfða þann 17. júní ár hvert. Að ósk borgarstjóra var brugðið út af vananum í fyrra og fór athöfnin fram fimmtudaginn 31. maí.

Útnefning borgarlistamanns er ein virðulegasta viðurkenning sem Reykjavíkurborg veitir listafólki og undirstrikar það hlutverk sem listir gegna í borgarsamfélaginu.

Er það mat skrifstofustjóra menningarmála að ákveðin hátíðleika hafi skort við útnefninguna á síðasta ári. Hvort það sé dagsetningunni um að kenna eða sú staðreynd að listamaðurinn fékk aðeins að bjóða 20 gestum eða sambland að þessum báðu er ekki gott að segja.

Taka þarf ákvörðun um hvort færa eigi afhöfnina aftur í miðja hátíðardagskrá borgarinnar á þjóðhátíðardaginn 17. júní.

Arnfríður S. Valdimarsdóttir
skrifstofustjóri menningarborgar



Reykjavík